

Ed.

767. Frumvarp til laga

[416. mál]

um yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Söfnunarsjóði Íslands skal slitið og starfsemi hans lögð niður hinn 1. september 1986. Eignir, skuldir og eigið fé Söfnunarsjóðs skulu afhentar og yfirteknar af þeim ríkisviðskiptabanka sem viðskiptaráðherra ákveður.

2. gr.

Skipa skal tvo skilanevndarmenn til þess að annast fjárhagsleg slit Söfnunarsjóðs og yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum hans og skuldum. Skal annar þeirra tilnefndur af þeim viðskiptabanka, sem annast yfirtökuna, en hinn skal tilnefndur af ráðherra. Kostnaður við slitin skal greiddur af Söfnunarsjóði.

3. gr.

Fjárhæðir á innstæðureikningum í Söfnunarsjóði skulu fluttar á innstæðureikninga í ríkisviðskiptabanka og ávaxtaðar þar á bestu vaxtakjörum sem ákveðin eru á hverjum tíma í hlutaðeigandi banka.

4. gr.

Eigendum innstæðufjár í Söfnunarsjóði skal tilkynnt um flutning innstæðna og breytingu á innlánskjörum með opinberri auglýsingu í Lögbirtingablaði eða á annan sannanlegan hátt.

Nú er viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn glötuð og skal þá stefna handhafa hennar með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar, sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, til þess að sanna rétt sinn til innstæðunnar með framvísun bókarinnar eða á annan sannanlegan hátt.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur Söfnunarsjóði samkvæmt viðskiptabókinni og skal innstæðan þá falla til varasjóðs. Þó er heimilt að endurgreiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan þriggja ára frá lokum innköllunarfrests.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr., d-liðs 21. gr. og 22. gr. laga nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands skal innköllunarfrestur ákveðinn þrjú mánuðir frá síðustu birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hinn 1. september 1986 falla úr gildi lög nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands ásamt síðari breytingum nr. 3/1934 og 84/1935.